

Viðhorfskönnun meðal erlendra söluaðila um íslenska ferðapjónustu

Lögð fyrir í janúar 2021



Helstu niðurstöður

Könnunin var lögð fyrir í janúar 2021 og litast svör þátttakenda af áhrifum landamæralokana samkomutakmarkana vegna COVID-19 faraldursins.

Það er rétt að hafa það í huga að þó það séu heldur fá smit hér á landi þegar könnunin er gerð er ástandið út á mörkuðum víða mjög alvarlegt.

Bókunarstaða og væntingar um bókanir á árinu 2021 eru töluvert neikvæðari en sést hefur í fyrri könnunum. Erlendir söluaðilar virðast gera ráð fyrir hægum bata á árinu og að það muni taka 1-2 ár að ná sama fjölda bókana og hann var fyrir landamæralokanir. Meirihluti þátttakenda gerir þó ráð fyrir að bókanir fari að berast í vor eða sumar og að ferðamönnum fari að fjölga hér á landi í sumar eða haust.

Það er einnig jákvætt að sjá að meðmælatryggð erlendra söluaðila gagnvart Íslandi sem áfangastað hækkar um 4 stig milli ára og virðist COVID-19 ekki hafa neikvæð áhrif þar á. Einnig kemur Ísland vel út í samanburði á sjálfbærni.

Öryggi áfangastaðarins og viðbrögð Íslands við COVID-19 faraldrinum eru þeir þættir sem þátttakendur telji að helst muni hafa jákvæð áhrif þróun ferðaþjónustu hér á landi en verðlag (gengi krónunnar) og flugframboð (eða skortur þar á) líklegastir til að hafa neikvæð áhrif.



Samantekt

Íslandsstofa framkvæmdi viðhorfskönnun í janúar 2021 meðal erlendra söluaðila sem selja ferðir til Íslands. Kannað var viðhorf þeirra til þróunar íslenskrar ferðaþjónustu og væntingar þeirra til sölu á ferðum til landsins. Sambærileg könnun hefur verið send út tvisvar á ári frá árinu 2017.

Könnunin var send í tölvupósti á rúmlega 5.400 tengiliði erlendra ferðaskrifstofa sem selja ferðir til Íslands. Alls hófu 521 aðilar þátttöku og 396 luku allri könnuninni.

Rannsóknartímabil: Janúar 2021

Aðferðafræði: Netkönnun

Úrtak: Erlendir söluaðilar sem bjóða ferðir til Íslands

Tungumál: Enska, franska, spænska og þýska

Hlutfallsskipting söluaðila eftir flokkum:



Markaðssvæði	Land	Fjöldi	Hlutfall
Norður-Ameríka (143 svarendur)	Bandaríkin	119	30 %
	Kanada	24	6 %
Mið- og Suður-Evrópa (151 svarendur)	Austurríki	1	0 %
	Belgía	14	4 %
	Frakkland	17	4 %
	Holland	13	3 %
	Ítalía	40	10 %
	Spánn	24	6 %
	Sviss	12	3 %
	Þýskaland	29	7 %
Norðurlöndin (15 svarendur)	Danmörk	9	2 %
	Noregur	1	0 %
	Svíþjóð	5	0 %
Bretlandseyjar (18 svarendur)	Bretland	17	4 %
	Írland	1	0 %
A-Evrópa (6 svarendur)	Pólland	5	1 %
	Rússland	0	0 %
	Önnur lönd	1	0 %
Fjarmarkaðir (63 svarendur)	Argentína	1	0 %
	Ástralía	8	2 %
	Brasilía	0	0 %
	Indland	30	8 %
	Malasía	9	2 %
	Singapore	5	1 %
	Önnur lönd	11	0 %
Samtals:		396	

Bókanir á ferðum til Íslands í ár


67% þátttakenda sögðu bókunarstöðuna verri í dag eða mun verri en fyrir ári síðan

33% segja bókunarstöðuna svipaða eða betri í dag en fyrir ári síðan

-42% frá janúar 2020

-24% frá janúar 2019

Hvernig er bókunarstaðan á ferðum til Íslands árið 2021 samanborið við sama tíma árið 2020?*



*Compared to 2020, how are the number of bookings to Iceland with arrivals in 2021 for your company?


Bókanir á ferðum til Íslands í ár

Markaðir

Líkt og búist var við, í ljósi afleiðinga af COVID-19 og ferðatakmarkana, greindu umtalsvert færri frá svipaðri eða betri bókunarstöðu í ár en í fyrri könnunum.

Hlutfallið var lægst á Bretlandi (21%) og í Mið- og Suður-Evrópu (24%). Söluaðilar í Norður Ameríku voru töluvert jákvæðari en 46% sögðust vera með svipaða eða betri bókunarstöðu nú en á sama tíma í fyrra.

Hlutfall þeirra sem tilgreindu svipaða eða bætta bókunarstöðu í ár



Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands í vetur


78% þátttakenda sögðu bókanir fyrir veturinn verri eða mun verri nú en á sama tíma í fyrra.

23% eiga von á svipaðri eða betri sölu á yfirstandandi vetrartímabili en í fyrra.

-56% frá janúar 2020

-41 % frá janúar 2019

Hvernig er bókunarsstaðan á ferðum til Íslands fyrir yfirstandandi vetrartímabil samanborið við sama tíma fyrir ári?*




*Compared to last winter season what is your company's prospects for bookings to Iceland with arrivals this winter season?

Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands í vetur

Markaðir

Umtalsvert færri eiga von á svipaðri eða betri sölu á yfirstandandi vetrartímabili en í fyrri könnunum.

90% í Mið og Suður Evrópu segja stöðuna verri eða mun verri nú en fyrir ári.




Væntingar um bókanir á ferðum til Íslands í ár

47% þátttakenda sögðust eiga von á svipaðri eða aukinni sölu á ferðum til Íslands í ár

-40 % frá janúar 2020

-24 % frá janúar 2019

Hvernig er bókunarstaðan á ferðum til Íslands árið 2021 samanborið við sama tíma árið 2020?*




*Compared to 2020, what is your company's prospects for bookings to Iceland with arrivals in 2021?

Væntingar um sölu á ferðum til Íslands í ár


Markaðir

Væntingar eru hófstílltar á öllum mörkuðum.
Áberandi lægstar í S- og M- Evrópu

Hlutfall þeirra sem tilgreindu svipaða eða bætta
bókunarstöðu í ár



Jákvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu



*In your opinion, what are the top five positive factors for the development of tourism in Iceland this year? (Please select up to 5 factors)




Jákvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu

Markaðir

	Öll markaðssvæði	N-Ameríka	M- og S-Evrópa	Norðurlönd	Fjarmarkaðir	Bandaríkin	Bretland	Þýskaland
Öryggi áfangastaðarins	68,5%	68,4%	72,6%	70,6%	66,3%	66,4%	64,7%	77,4%
Viðbrögð Íslands við COVID-19	59,8%	59,4%	64,0%	47,1%	55,0%	57,7%	76,5%	61,3%
Vinsældir áfangastaðarins	43,2%	47,1%	39,8%	17,6%	47,5%	47,7%	58,8%	35,5%
Sjálfbærni áfangastaðarins	37,2%	35,5%	43,5%	29,4%	31,3%	33,8%	41,2%	38,7%
Þjónustustig og gæði	34,3%	46,5%	23,0%	58,8%	27,5%	45,4%	47,1%	9,7%
Aðgengi að þjónustupáttum	33,3%	32,3%	29,8%	35,3%	40,0%	34,6%	52,9%	29,0%
Flugframboð	29,0%	31,6%	29,8%	23,5%	22,5%	33,1%	41,2%	38,7%
Markaðssetning / kynning	25,5%	24,5%	19,3%	5,9%	38,8%	25,4%	58,8%	16,1%
Verðlag / gengi	24,1%	21,9%	19,3%	47,1%	33,8%	21,5%	29,4%	22,6%
Stefnumál ferðapjónustu í landinu	20,9%	21,9%	17,4%	23,5%	26,3%	22,3%	23,5%	9,7%
Breytingar á fjölda ferðamanna á Íslandi	14,0%	12,9%	17,4%	17,6%	10,0%	12,3%	11,8%	35,5%
Almennur vöxtur í utanlandsferðum	9,7%	7,7%	6,8%	5,9%	18,8%	8,5%	17,6%	6,5%
Samkeppni frá öðrum áfangastöðum	6,2%	4,5%	5,6%	5,9%	11,3%	4,6%	5,9%	3,2%
Annað	4,6%	5,8%	5,0%	5,9%	1,3%	5,4%	5,9%	3,2%
Engir jákvæðir þættir	1,2%	2,6%	0,0%	0,0%	1,3%	3,1%	0,0%	0,0%

Neikvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu



*In your opinion, what are the top five negative factors for the development of tourism in Iceland this year? (Please select up to 5 factors)




Neikvæðir þættir sem hafa áhrif á þróun íslenskrar ferðapjónustu

Markaðir

	Öll markaðssvæði	N-Ameríka	M- og S-Evrópa	Norðurlönd	Fjarmarkaðir	Bandaríkin	Bretland	Þýskaland
Verðlag / gengi	59,5%	58,1%	63,4%	41,2%	61,3%	56,9%	64,7%	54,8%
Flugframboð	36,6%	26,5%	40,4%	70,6%	45,0%	26,9%	29,4%	38,7%
Samkeppni frá öðrum áfangastöðum	26,2%	28,4%	19,9%	17,6%	32,5%	27,7%	52,9%	22,6%
Viðbrögð Íslands við COVID-19	21,1%	14,8%	27,3%	41,2%	16,3%	16,2%	29,4%	29,0%
Engir neikvæðir þættir	14,9%	17,4%	9,3%	5,9%	21,3%	17,7%	29,4%	3,2%
Aðgengi að þjónustupáttum	13,8%	12,3%	13,7%	23,5%	16,3%	13,1%	11,8%	9,7%
Annað	14,5%	21,9%	13,0%	11,8%	6,3%	22,3%	5,9%	9,7%
Stefnumál ferðapjónustu í landinu	12,0%	10,3%	13,7%	17,6%	8,8%	11,5%	23,5%	12,9%
Breytingar á fjölda ferðamanna á Íslandi	10,3%	7,7%	8,7%	11,8%	12,5%	7,7%	41,2%	16,1%
Þjónustustig og gæði	7,6%	4,5%	9,3%	5,9%	11,3%	5,4%	5,9%	3,2%
Almennur vöxtur í utanlandsferðum	8,3%	6,5%	6,3%	11,8%	12,5%	7,7%	23,5%	12,9%
Markaðssetning / kynning	6,2%	3,2%	5,6%	11,8%	11,3%	3,1%	11,8%	0,0%
Vinsældir áfangastaðarins	6,0%	5,2%	8,1%	5,9%	2,5%	4,6%	11,8%	16,1%
Öryggi áfangastaðarins	4,4%	5,8%	3,1%	0,0%	6,3%	6,2%	0,0%	3,2%
Sjálfbærni áfangastaðarins	3,4%	0,6%	4,3%	0,0%	7,5%	0,8%	5,9%	3,2%

Þekking á landshlutunum

Hver þessara landssvæða á Íslandi kannast þú við, eða hefur þú heyrt af?*




* Which of these areas of Iceland are you aware of, or have you heard of?

Þekking á landshlutunum


Markaðir

Hver þessara landssvæða á Íslandi kannast þú við, eða hefur þú heyrt af?*



Sala á ferðum til landshlutanna

Til hvaða landssvæða á Íslandi myndi þú íhuga að bjóða upp á ferðapakka fyrir viðskiptavinum þínum?*




* Which of these areas of Iceland would you consider offering travel packages for your customers?

Sala á ferðum til landshlutunum

Markaðir

Til hvaða landssvæða á Íslandi myndi þú íhuga að bjóða upp á ferðapakka fyrir viðskiptavinum þínum?*



Meðmælatryggð (NPS)


Meðmælatryggð áfangastaðarins mældist
65 stig

+4% frá janúar 2020

+17 % frá janúar 2019

„Meðmælatryggð er mælikvarði á tryggð viðskiptavina og byggir á því að flokka viðskiptavini í þrjá flokka: hvetjendur (9-10), hlutlausar (7-8) og letjendur (0-6).“

Á skalanum 0-10, hversu líkleg(ur) ert þú til að mæla með Íslandi sem áfangastað við viðskiptavin eða kunningja?




Meðmælatryggð (NPS)

Markaðir

Það eru nokkrar sveiflur í meðmælatryggð eftir mörkuðum. Þannig er eykst hún umtalsvert í Mið- og Suður Evrópu en lækkar lítillega í Norður-Ameríku og á fjarmörkuðum.

Meðmælatryggð mælist hæst meðal þátttakenda frá Bretlandi en lægst meðal þátttakenda á fjarmörkuðum.

Breyting á meðmælatryggð á milli ára





Meðmælatryggð

Af hverju eru „**letjendur**“ ólíklegir til að mæla með Íslandi sem áfangastað?

“Travel is still currently too uncertain.”

“Focus will be on warm and sunny destinations after Covid-19.”

“At the moment, US citizens are not allowed entry so makes it hard to recommend to my clients.”

“Prices are similar to bankruptcy times”



Meðmælatryggð

Hvað þyrfti að gera til að „**hlutlausir**“ yrðu líklegri til að mæla með Íslandi sem áfangastað?

“Need open borders without testing requirements and more air service.”

“A quicker roll out and acceptance of the Covid 19 vaccine worldwide to create herd immunity globally.”

“The approach of our clients, who see Iceland as to adventurous, cold and windy destination, and which is to expensive for them. They prefer 'easier', 'friendlier' destinations with lower rates or at the same rates but with more 'luxurious' opinion.”

***“security, prices,
cancellation policy”***

“Make hotel transport from air port to hotel door more friendly and efficient”



Meðmælatryggð

Af hverju eru „hvetjendur“ líklegir til að mæla með Íslandi sem áfangastað?

“Excellent safe destination- much interest”

“All of the feedback I have gotten from former tourists state they loved Iceland and all it had to offer. ”

“Iceland has always been a destination where social distancing is not a problem, the scenery is stunning, and the people are warm and welcoming.”


“I always recommend Iceland as a travel destination. Iceland is so diverse, safe and an amazing destination to visit in Summer or Winter.”

“It is beautiful and many different areas to visit.”

“Easy to get to from USA”



Ákvarðanataka ferðamanna, hvað mun hafa aukin áhrif við val áfangastaða 2021?




Which of the following do you think will weigh most in your client's decision making when choosing a destination in 2021 than in previous years? (Choose 1-3)

Leiðandi í sjálfbærri þróun

Á heildina litið voru hlutfallslega flestir þátttakendur ýmist sammála, eða mjög sammála, því að Ísland sé leiðandi í sjálfbærri þróun (82%).

Af samanburðarlöndunum komst Noregur næst Íslandi en hin Norðurlöndin auk Nýja Sjálands höfðu jafnframt sterka tenginu við sjálfbærni í huga þátttakenda.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Þetta land er leiðandi í sjálfbærni þróun.“




Leiðandi í sjálfbærri þróun

Markaðir

Nokkur samhljómur var í svörum þátttakenda á markaðssvæðunum um að Ísland sé leiðandi í sjálfbærri þróun.

Það voru þó hlutfallslega fæstir þátttakenda frá Mið- og Suður-Evrópu sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu eða 71% samanborið við 93% þátttakenda frá norðurlöndum og 88% þátttakenda frá Norður-Ameríku




Bókanir og ferðalög eftir COVID-19

57% þátttakenda hafa trú á því að ferðalög milli landa hefjist aftur í sumar eða haust.

16% þáttakenda telja að það verði ekki fyrr en á næsta ári (2022).

Hvenær gerir þú ráð fyrir að þínir viðskiptavinir verði tilbúnir til þess að ferðast milli landa aftur?*




Bókanir eftir COVID-19

48% þátttakenda telja að bókanir til Íslands taki við sér á fyrri hluta ársins (jan.-maí)

43% gera ráð fyrir að það gerist síðar á árinu (jún.-des.)

Hvenær gerir þú ráð fyrir að bókanir á ferðum til Íslands taki við sér aftur eftir COVID-19?*



*When do you expect bookings to Iceland will pick up again after COVID-19?


Bókanir eftir COVID-19

Markaðir

Það er mikill munur eftir markaðssvæðum hvenær þátttakendur telja að bókanir til Íslands taki við sér eftir COVID-19 faraldurinn. 80% þátttakenda á Norðurlöndum telja að það gerist á fyrrihluta ársins (jan-maí) og 64% þátttakenda frá Mið- og Suður Evrópu.

Þátttakendur frá Norður-Ameríku og fjarmörkuðum eru þó öllu svartsýnni.

Hvenær gerir þú ráð fyrir að bókanir á ferðum til Íslands taki við sér aftur eftir COVID-19?*




*When do you expect bookings to Iceland will pick up again after COVID-19?

Ferðalög eftir COVID-19

56% þátttakenda gera ráð fyrir að viðskiptavinir þeirra verði viljugir til að ferðast til Íslands fyrir sumarlok

82% fyrir áramót
18% á næsta ári (2022)

Hvenær gerir þú ráð fyrir að viðskiptavinir þínir verði í fyrsta viljugir til að ferðast til Íslands eftir COVID-19*



*When do you expect the earliest your clients to be willing to travel to Iceland again after COVID-19?


Ferðalög eftir COVID-19

Markaðir

Aftur var munurinn umtalsverður eftir markaðssvæðum hvenær þátttakendur gera ráð fyrir að viðskiptavinir verði viljugir til að ferðast til Íslands. Þannig telja 93% þátttakenda frá Norðurlöndunum að það gerist fyrir sumarlok og 77% þáttakenda frá Mið- og Suður Evrópu.

Svartsýninn var mest á fjarmörkuðum en einungis 29% þáttakenda töldu að ferðalög hefðust fyrir sumarlok og 44% þáttakenda frá N-Ameríku

Hvenær gerir þú ráð fyrir að viðskiptavinir þínir séu í fyrsta lagi viljugir til að ferðast til Íslands aftur eftir COVID-19?*




*When do you expect the earliest your clients to be willing to travel to Iceland again after COVID-19?

Bókanir eftir COVID-19

55% þátttakenda telja að bókanir á ferðum til Íslands nái sömu hæðum og fyrir landamæralokanir á næsta ári (2022) og 31% telja að það muni gerast árið 2023

Hvenær gerir þú ráð fyrir að bókanir á ferðum til Íslands nái sömu hæðum og fyrir landamæralokanir vegna COVID-19?*




Bókanir eftir COVID-19

Markaðir

Það er lítill munur eftir mörkuðum þegar spurt er hvenær þátttakendur geri ráð fyrir að bókanir til Íslands verði orðnar álíka margar og fyrir landamæralokanir.

Hvenær gerir þú ráð fyrir að bókanir á ferðum til Íslands nái sömu hæðum og fyrir landamæralokanir vegna COVID-19?*





GREINING FRAMKVÆMD AF ÍSLANDSSTOFU

JANÚAR OG FEBRÚAR 2021

Afritun eða frekari dreifing ekki heimiluð án samráðs við Íslandsstofu

Íslandsstofa er öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Hlutverk okkar er að sinna markaðs- og kynningarstarfi í þágu íslenskra útflutningsgreina og styðja þannig við gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

www.islandsstofa.is

Fyrirvari

Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð um framtíðina. Íslandsstofu ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram.

Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.

Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.